



184. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 12. maí 2015 kl. 09:30.

Mætt: Eydís Þ. Indriðadóttir, Halldóra Íris Magnúsdóttir (fulltrúi nemenda, mætti ekki), Haraldur Eiríksson, Jón Hjartarson, Jón G. Valgeirsson, Sigursveinn Már Sigurðsson (fulltrúi kennara), Olga Lísía Garðarsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir og Þórarinn Ingólfsson.

Sandra formaður skólanefndar setti fundinn og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fundargerð funda frá 20. jan. og 24. mars sl.

Fundargerðir lágu frammi og voru samþykktar án athugasemda.

2. Ársreikningur 2014 – Fjárfestingarreikningur - HE

Haraldur Eiríksson útskýrði ársreikninga og stöðu skólans. Fram kom í máli hans að staða skólans gæti verið betri og er uppsafnaður halli þó nokkur. Fjárfestingarreikningur var útskýrður af hálfu HE. Fjárfestingarreikningur tengist viðbyggingu við Hamar. Reikningurinn var undirritaður af hálfu skólanefndarmanna.

3. Nemendagarðar FSu – Umræður/niðurstöður – OLG/ÞI

Olga Lísía sagði frá samræðum við eigendur Fosstúns. Samningi hefur verið sagt upp og því er ljóst að húsnæðið verður leigt áfram næsta skólaár en ekki hefur verið gengið frá neinu varðandi framhaldið. Fram kom í umræðum að áhugi væri fyrir að halda áfram að bjóða upp á húsnæði fyrir nemendur skólans og þá sérstaklega þá sem koma af austursvæðinu. Mælt með að rætt verði við eiganda Fosstúns um hugsanlegt framhald á samstarfi.

4. Starfsmannamál - OLG

Miklar breytingar eru í farvatninu varðandi starfsmenn skólans. Margir kennarar eru að hætta störfum vegna aldurs. Alls eru það 9 fastráðnir kennarar sem eru að láta af störfum, flestir þeirra verða ekki við neina kennslu á næstu önn. Í framhaldi af þessu útskýrði aðstoðarskólameistari vinnumatið sem er í gangi vegna nýrra samninga við kennara.

5. Gjaldskrá FSu / Dagatal FSu / Úttekt OLG/HE

Haraldur fór yfir tillögur að breytingum á gjaldskrá skólans og gerði þar ráð fyrir hækkunum á gjaldskrá nemendagarðanna og einnig hækkun á leigu á skápum. Tillögur að breytingum á gjaldskrá voru samþykktar. Skólameistari kynnti væntanlegt dagatal vegna næsta skólaárs. Sagt var frá úttekt á skólanum (ytra mati) og hvernig það gekk fyrir sig. Sandra formaður skólanefndar sagði aðeins frá



FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

Tryggvagötu 25 • 800 Selfoss • Sími 480 8100 • Fax 480 8188 • Kennitala 491181-0289 • Netfang fsu@fsu.is • Veffang www.fsu.is

sinni reynslu af þessari úttekt og hvað það hefði verið sem hún var spurð um þegar hún hitti þá sem stóðu að úttektinni.

6. Önnur mál:

A. Formaður skólanefndar

Kjósa þarf formann skólanefndar til eins árs í senn og var Sandra Gunnarsdóttir kosin til eins árs af skólanefnd. Jón G Valgeirsson var kosin varaformaður.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir.

Næsti fundur er fyrirhugaður þriðjudaginn 8. sept. 2015
kl. 09:30

Fundi slitið kl. 11:10
Fundarritari,